

Vestmannaeyjabær
Kirkjuvegi 50
900 Vestmannaeyjum

Garðabær, 24. september 2025
202508-0017/A.B.
08.01

Efni: Umsögn - Tillaga – Breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag - Baðlón og hótél við Skansinn - Vestmannaeyjabær.

Inngangur

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Vestmannaeyja vegna breytingar á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015–2035 og nýtt deiliskipulag fyrir Skanshöfða og Skansinn, sem barst Náttúruverndarstofnun 8. ágúst sl.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað er að reisa hótél á fjórum hæðum með allt að 90 herbergjum og baðlón að stærð allt að 1.500 m² fyrir um 125 gesti í einu, ásamt þjónustubyggingum og veitingasölu. Aðkoma að svæðinu verður frá Skansfjöruvegi og gert ráð fyrir uppbyggingu göngustíga milli Skansins, hótelsins og baðlónsins.

Skipulagssvæðið er á Skanshöfða, sem er hluti af nýju hrauni sem rann í Heimaeyjargosinu 1973. Svæðið er að hluta til gróið mosa og lyngi, en þar hefur einnig breiðst út alaskalúpína á undanförunum árum. Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að vistgerðir á svæðinu séu einkum mosahraunavist (L6.3) og eyðihraunavist (L6.1).

Hraun

Náttúruverndarstofnun bendir á að hraunið á framkvæmdasvæðinu eins og kemur fram í greinargerðum nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Að mati Náttúruverndarstofnunar felur fyrirhuguð uppbygging hótels og baðlóns á Skanshöfða í sér röskun sem er bæði neikvæð og óafturkræf.

Náttúruverndarstofnun bendir á að þar sem tillagan gerir ráð fyrir röskun á náttúrufyrirbærunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Fuglalíf

Í umhverfismatsskýrslu er fjallað um að Vestmannaeyjar séu eitt mikilvægasta fuglasvæði á lands- og heimsvísu. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að þar eru stærstu varpstöðvar sjófugla á norðaustur-Atlantshafi. Einkennisfugl Vestmannaeyja er lundi, en auk hans eru skrofa, stormsvala og sjósvala með stofna sem eru svo til eingöngu bundnir við Vestmannaeyjar. Aðrar tegundir sem ná alþjóðlegum verndarviðmiðum eru meðal annars fyll, súla, rita, langvía og álka.

Í umhverfismatinu er þó ályktað að framkvæmdasvæðið á Skanshöfða hafi ekki bein áhrif á fuglalíf, þar sem það er ekki þekkt varpsvæði. Náttúruverndarstofnun bendir á að þessi nálgun sé of þröng og vanmeti raunveruleg áhrif. Framkvæmdir sem fela í sér aukna mannvirkjagerð, aðgengi og umferð geta haft óbein áhrif á nærliggjandi varpstöðvar og á stofna tegunda sem bera sérstaka alþjóðlega vernd.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er verndargildi Vestmannaeyja fyrir fuglalíf slíkt að ekki verði litið framhjá þessum áhrifum. Það er ófullnægjandi að líta eingöngu til framkvæmdasvæðisins sjálfs, án þess að meta álag og truflun á viðkvæmum fuglastofnum í nágrenni. Stofnunin ítrekar að Ísland ber alþjóðlega verndarskyldu gagnvart þessum tegundum, og því er brýnt að áhrif á fuglalíf verði endurmetin með ítarlegri hætti.

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að hönnun lýsingar á hóteli og baðlóni sé miðuð við að hún verði hógvær og lítt áberandi. Þó telur Náttúruverndarstofnun ástæðu til að fjalla sérstaklega um möguleg áhrif ljósmengunar á fuglalíf, einkum á pysjur á útflugi.

Þekkt er að pysjur laðast að ljósum í bænum á kvöldin og nóttunni og að árlega þurfi íbúar að aðstoða stóran fjölda fugla við að rata aftur til sjávar. Staðsetning hótelsins og baðlónsins á Skanshöfða, í nálægð við varpstöðvar á Heimakletti, Miðkletti og Ystakletti, eykur líkur á að ljósmengun lengi ljósasvæði bæjarins inn í þetta viðkvæma fuglasvæði.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er því mikilvægt að endurmeta áhrif lýsingar á fuglalíf og gera skýrar kröfur í deiliskipulagi og framkvæmdaleyfi um að ljósmengun verði takmörkuð eins og kostur er. Sérstök áhersla þarf að vera á pysjutímabili, þar sem áhrif á unga getur orðið verulegt.

Landslag og ásynd

Í greinargerð aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags er lögð áhersla á að hótél og baðlón á Skanshöfða verði áberandi við innsiglingu í Vestmannaeyjahöfn. Markmið deiliskipulagsins er að tryggja metnaðarfulla hönnun og að mannvirki falli að landslagi og ásynd svæðisins.

Í umhverfismatsskýrslu er niðurstaðan að áhrif á ásynd verði hvorki jákvæð né neikvæð, að því gefnu að hönnun verði vönduð, en að útivistargildi svæðisins gæti aukist með tilkomu göngustíga og aðgengis.

Náttúruverndarstofnun bendir á að Skanshöfði er áberandi kennileiti við höfnina og hluti af hraunjaðri Heimaeyjargossins 1973. Uppbygging fjögurra hæða hótels og umfangsmikils baðlóns mun óhjákvæmilega breyta ásynd svæðisins varanlega. Að mati Náttúruverndarstofnunar er því ljóst að framkvæmdin muni hafa talsverð sjónræn áhrif á landslag og ásynd Skanshöfða, og nauðsynlegt er að leggja sérstaka áherslu á að hönnun og frágangur dragi sem mest úr þeim áhrifum, í samræmi við markmið 69. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Útivist og aðgengi

Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir að svæðið verði tengt betur stígakerfi bæjarins, með nýjum göngustígum frá Skansinum upp á Skanshöfða og áfram niður í Skansfjöru. Framkvæmdaraðilar leggja áherslu á að þetta muni styrkja útivistargildi svæðisins og bæta aðgengi almennings.

Í umhverfismatsskýrslu er niðurstaðan að áhrif á útivist verði jákvæð eða óveruleg, þar sem aðgengi að svæðinu verði aukið.

Náttúruverndarstofnun bendir hins vegar á að núverandi gildi Skanshöfða felst í því að vera lítt röskuð hraunmyndun og hluti af kennileiti við innsiglinguna. Uppbygging hótels og baðlóns mun takmarka upplifun fólks af náttúrulegu hrauninu og breyta ásynd þess varanlega. Þótt aðgengi verði formlega aukið með stígagerð, verður upplifun útivistarfólks af ósnortnu hraunlandslagi skert.

Stofnunin telur að ekki hafi verið gerð fullnægjandi greining á þolmörkum svæðisins fyrir ferðamannastraum né metið hvernig aukin ásókn gæti haft neikvæð áhrif á náttúru og fuglalíf í nágrenni.

Að mati Náttúruverndarstofnunar verður því að líta svo á að fyrirhuguð uppbygging hafi bæði jákvæði og neikvæð áhrif á gæði útivistar og upplifun af svæðinu, þrátt fyrir að aðgengi verði bætt í formlegum skilningi.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Pórdís Vilhelmína Bragadóttir

sérfræðingur